

Nefndir Landssamtaka Lífeyrissjóða 2012-2013

(Skipun skv. 10. gr. samþykktá LL)

1. Eigna- og áhættustýringarnefnd

Helstu verkefni

- Semja og viðhalda leiðarvísi að góðum venjum um eigna- og áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði.
- Yfirfara lög og reglur um eignastýringu lífeyrissjóða og starfsumhverfi. Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er viðkoma breytingum á lögum og reglum um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir lífeyrissjóði um eigna- og áhættustýringu.

Sérstök verkefni 2012-2013

- Semja tillögur f.h. LL vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á 36. gr. laga nr. 129/1997 í kjölfar skýrslu Úttektarnefndar lífeyrissjóða.
- Meta kosti og galla þess að setja leiðbeiningar varðandi innleiðingu á reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.
- Semja umsögn um umræðuskjal FME nr. 4/2012 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar.
- Koma með tillögur um hvernig lífeyrissjóðir geta fylgst með og kortlagt fjárfestingar í samstæðum og tengdum aðilum.
-

Formanni hópsins ber að skila skýrslu um framvindu verkefna á stjórnarfundum LL 30. október 2012 og 26. mars 2013. Stjórn LL mælist einnig til að nefndin haldi opin umræðufund um tillögur og hugmyndir með fulltrúum lífeyrissjóða í október/nóvember. Stefnt skal að því að tillögur vegna endurskoðunar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða verði tilbúnar í desember.

Nefndarmenn:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Auður Finnbogadóttir, Baldur Vilhjálmsson, Davíð Rúdólfsson, Helga Indriðadóttir, Kári Arnór Kárasón, Marínó Örn Tryggvason, Sara Stefánsdóttir og Tómas N. Möller.

2. Réttindanefnd

Helstu verkefni

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan örorkulífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir lífeyrissjóði.

Sérstök verkefni 2012-2103

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar. Í því sambandi skoða ávöxtunarviðmið, lífeyristökualdur, lífslíkur o.s.frv.
- Yfirfara reglur um mun á milli eigna og lífeyrisskuldbindinga í 39. gr. laga nr. 129/1997. Við þá vinnu skal m.a. taka mið af ólíkum reglum um réttindaávinnslu í lífeyrissjóðum.
- Leggja mat á þær hugmyndir sem settar eru fram um breytingar á almannatryggingum og tengsl þeirra við greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- Beita sér fyrir lagabreytingu er viðkemur skilgreiningu á maka annars vegar í samtryggingu og hins vegar viðbótarlífeyrissparnaði.
- Reglum um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka. Hanna sameiginlegar reglur um framkvæmd og/eða koma tillögum á framfæri um að sett verði reglugerð.
- Fylgja eftir og hafa bein áhrif á þróun samstarfs lífeyrissjóða við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Stefnt skal að því að áfangaskýrsla um tryggingafræðileg uppgjör og lífeyrisréttindi með hugmyndum um hugsanlegar breytingar á forsendum og reglum um réttindabreytingar verði tilbúin í nóvember.

Nefndarmenn:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Friðbert Traustason, Gylfi Jónasson, Ólafur K. Ólafs, Sigríður Ómarsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Vala Rebekka Þorsteinsdóttir.

3. Samskiptanefnd

Helstu verkefni

- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.
- Annast samskipti við stjórnvöld og þingnefndir.

Sérstök verkefni 2012-2103

- Efla almannatengsl. Semja áætlun um samskipta- og kynningarmál samtakanna 2012-2013.

Nefndinni ber að leggja áætlun um samskipta- og kynningarmál fyrir stjórn LL 25. september.

Nefndarmenn:

Gunnar Baldvinsson, formaður, Arnar Sigurmundsson, Árni Guðmundsson, Guðmundur Þórhallsson, Haukur Hafsteinsson, Heiðrún Jónsdóttir, Helgi Magnússon, Þórhallur Jósepsson og Þórey S. Þórðardóttir.

4. Fræðslunefnd

Helstu verkefni:

- Móta stefnu í kynningarmálum um lífeyrissjóðina. Vinna að kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda fræðslusíðu.
- Efla umræðu meðal lífeyrissjóða um upplýsingagjöf.
- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.

Sérstök verkefni 2012-2103

- Umsjón með hönnun og þróun á réttindabók. Undirbúa kynningu og gangsetningu haustið 2012.

Formanni hópsins ber að skila skýrslu um framvindu verkefna á stjórnarfundum LL 30. október 2012 og 26. mars 2013.

Nefndarmenn:

Arnaldur Loftsson, formaður, Guðrún Guðmannsdóttir, Gunnar Baldvinsson, Jón G. Kristjánsson, Kristján Örn Sigurðsson og Soffía Gunnarsdóttir.

5. Úrskurðar- og umsagnarnefnd, skv. 10. gr. samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

Nefndarmenn:

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, Margrét Kristinsdóttir og Örn Guðnason.

Varamenn:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Sigbrúður Jónasdóttir og Matthildur Hermannsdóttir.

Stjórn LL mælist til þess að settir verði á laggirnar undirhópar eftir því sem þurfa þykir og þá eftir atvikum leitað liðsinnis annarra sérfræðinga.

Framkvæmdastjóri LL kemur að starfi flestra nefndanna.

Stjórn LL yfirfór og endurskoðaði skipan nefnda á fundi sínum 21. ágúst 2012.